

**58. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn símafundur, miðvikudaginn 23. september 2020 og hófst hann kl.
16:00.**

Fundinn sátu:

Íða Marsibili Jónsdóttir (IMJ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Lilja Magnúsdóttir (LM), Þórkátla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Magnús Jónsson (MJ), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Rebekka Hilmarsdóttir (RH).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað. Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar, sat fundinn undir fyrstu sex dagkrárlíðum hans.

Dagskrá:

1. Sameining safna - 2009310

Skúli Gautason menningarfulltrúi var gestur á fundinum undir þessum lið og kynnti verkefni sem snýr að könnun á mögulegum sameiningum safna og auknu samstarfi þeirra á milli sem og við aðra aðila. Verkefnið er unnið að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Kom fram að vinna þarf hratt og vel í þessu verkefni en ráðgert er að skýrsla vegna þess liggja fyrir undir lok árs 2020.

Samráðsnefndin tekur jákvætt í verkefnið og mun taka það aftur upp á fundi sínum síðar í haust.

2. Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2019 - 2009311

Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir árið 2019 var lagður fram og skýrður. Undir þessum lið var Margrét Magnúsdóttir, skoðunarmaður reikningsins, gestur á fundinum.

Nefndin staðfesti ársreikninginn.

3. Yfirlit yfir starfsemi Minjasafns Egils Ólafssonar árið 2020. - 2009312

Forstöðumaður lagði fram og fór yfir yfirlit yfir starfsemi safnsins það sem liði er af árinu 2020.

Lagt fram til kynningar.

4. Fjárhagsáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar 2021. - 2009311

Forstöðumaður lagði fram og skýrði fjárhagsáætlun minjasafnsins fyrir árið 2021.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða og vísað til bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps.

5. Starfsáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar 2021. - 2009312

Forstöðumaður lagði fram og fór yfir starfsáætlun um starfsemi safnsins fyrir árið 2021.

Lagt fram til kynningar.

BG vék af fundinum kl. 17:00.

6. María Júlía BA 36 - 2009316

Forstöðumaður fór yfir stöðu mála vegna Maríu Júlíu BA-36 og greindi frá áhuga nokkura aðila til þess að eignast skipið.

Nefndin felur forstöðumanni að vinna áfram í málinu.

7. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar. - 2001118

Umræður voru um vetrarþjónustu Vegagerðinnar á suðurfjörðum Vestfjarða.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps krefst þess að nýr blásari Vegagerðinnar á Patreksfirði verði staðsettur þar áfram til notkunar á sunnanverðum Vestfjörðum. Mjög brýnt er að hafa öflugt og traust tæki tiltækt á svæðinu til að tryggja góða þjónustu á milli þéttbýlisstaða á svæði sem er skilgreint sem eitt vinnusóknarsvæði. Öruggar samgöngur allan veturinn eru lykilatriði fyrir bæði mannlíf og atvinnulíf. Samráðsnefndin lýsir yfir ánægju sinni með mokstursáætlanir á Dynjandisheiði í vetur en hefur áhyggjur af fjármögnun þeirrar þjónustu. Nefndin telur því mjög brýnt að sérstakt framlag frá ríkinu verði tryggt í þennan mokstur en fjármagn ekki tekið af öðrum rekstrarliðum Vegagerðarinnar til að fjármagna hann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:00 .

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____